



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Endurskoðun nr.: 0

Dags.: 18. febrúar 2015

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **TARO 30 DP 30**
- 1.2. Tilgreind notkun** Vélarolía fyrir skipaðísilvélar.
- 1.3. Söluaðili** Olíuverzlun Íslands hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík
- Sími:** 515 1000
- Netfang:** [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)
- Veffang:** [www.olis.is](http://www.olis.is)
- 1.4. Neyðarsímanúmer**  
**Neyðarlínan:** 112  
**Eitrunarmiðstöð LSH:** 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

**2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar**  
**CLP-FLOKKUN** Ekki flokkað.

### 2.2. Merkingaratriði

**Hættumerki** Ekki hættumerkingarskylt.

**Hættusetningar (CLP)** Engar hættusetningar.

**Varnaðarsetningar (CLP)** Engar varnaðarsetningar.

**- Inniheldur**

Sölt af alkýlhýdróbensósýrum. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.  
Bensósýrur, hýdroxý-, mónó-C20-28-greinóttar alkýlafleiður, kalsíumsölt (2:1).  
Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

### 2.3. Aðrar hættur

**PBT/vPvB** Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.2 Blanda

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Mikið hreinsuð jarðolía (C15-C50)	CAS#: Blanda EINECS#: * REACH#: **	70-99	Váhrifamörk tilgreind
Sölt af alkýlhýdróbensósýrum	CAS#: 220795-13-1 EINECS#: 455-880-2 REACH#: **	1-5	Húðnæm. 1; H317 Langv. eit. á vatn. 4; H413
Bensósýrur, hýdroxý-, mónó-C20-28-greinóttar alkýlaf., kalsíumsölt (2:1)	CAS#: 900185-23-1 EINECS#: Fjölliða REACH#: **	1-5	Húðnæm. 1; H317 Langv. eit. á vatn. 4; H413

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

\*Inniheldur eitt eða fleiri eftirtaldrá EINECS-númera: 265-090-8, 265-091-3, 265-096-0, 265-097-6, 265-098-1, 265-101-6, 265-155-0, 265-156-6, 265-157-1, 265-158-7, 265-159-2, 265-160-8, 265-161-3, 265-166-0, 265-169-7, 265-176-5, 276-735-8, 276-736-3, 276-737-9, 276-738-4, 278-012-2.

\*\*Inniheldur eitt eða fleiri eftirtaldrá REACH-númera: 01-2119488706-23, 01-2119487067-30, 01-2119487081-40, 01-2119483621-38, 01-2119480374-36, 01-2119488707-21, 01-2119467170-45, 01-2119480375-34, 01-2119484627-25, 01-2119480132-48, 01-2119487077-29, 01-2119489287-22, 01-2119480472-38, 01-2119471299-27, 01-2119485040-48, 01-2119555262-43, 01-2119495601-36, 01-2119474889-13, 01-2119474878-16.

## 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

**Eftir innöndun** Engar sérstakar ráðstafanir. Færið viðkomandi í ferskt loft.

Leitið lækni ef einkenna verður vart.

**Eftir snertingu við augu** Engar sérstakar ráðstafanir. Til öryggis, fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni.

**Eftir snertingu við húð** Engar sérstakar ráðstafanir. Farið úr óhreinkuðum fötum og skóm. Þvoið húðina með sápu og vatni. Þvoið fatnað fyrir næstu notkun.

**Eftir inntöku** Engar sérstakar ráðstafanir. Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni til öryggis.

#### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

**Einkenni og áhrif** Innöndun getur valdið ertingu í öndunarvegi við langvarandi eða endurtekna snertingu. Snerting við húð getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

#### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

**Meðhöndlun** Á ekki við.

### 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

#### 5.1. Slökkvibúnaður

**Viðeigandi** Froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.

**Óviðeigandi** Ekki nota vatnsbunu.

#### 5.2. Sérstök hættu af blöndunni

**Myndefni við bruna** Mjög háð brunaskilyrðum. Flókin blanda loftborinna fastra efna, vökva og lofttegunda verður til við bruna, þ.m.t. kolefnisoxíð og lífræn efnasambönd.

#### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

**Ráðstafanir** Efnið er ekki eldfimt, en brennur.

**Hlífðarbúnaður** Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

### 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNÍ FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

#### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

**Ráðstafanir** Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Tryggið næga loftræstingu.

Notið persónuhlífar. Rýmið svæðið. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk frá.

#### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

**Ráðstafanir** Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Hindrið dreifingu leka og að hann berist í holræsi, jarðveg, vatnsfarveg og niðurföll.

#### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

**Aðferðir og efni** Afmarkið og safnið upp með hvarftregu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikulít eða kísilgúr. Setjið í viðeigandi ílát til förgunar og fargið hjá viðurkenndri móttökustöð í samræmi við gildandi lög og reglur. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið. Forðist losun út í umhverfið.

### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

#### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

**Meðhöndlun** Forðist mengun jarðvegs og losun í holræsi, fráveitukerfi og vatnshlot.

**Ráðstafanir** Varist snertingu við augu, húð og fatnað. Takið ekki inn.

Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun.

**Stöðurafmagn** Stöðurafmagn getur hlaðist upp og skapað hættulegar aðstæður við meðhöndlun efnisins. Til að lágmarka þessa hættu, getur verið nauðsynlegt að jarðtengja og spennujafna. Þó getur verið að það dugi ekki til eitt og sér. Yfirfarið allar aðgerðir sem geta mögulega valdið og hlaðið upp stöðurafmagn og/eða eldfimar aðstæður.

**Umbúðir** Umbúðir eru ekki hannaðar til að þola þrýsting. Ekki tæma umbúðir með þrýstingi, þær geta sprungið með miklum látum. Tómar umbúðir innihalda efnaleifar og geta verið hættulegar. Ekki pressa, skera, logsjóða eða bora. Haldið fjarri hita, eldi, neistum, stöðurafmagn og öðrum íkveikjugjöfum. Tæmið notaðar umbúðir, lokið og fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

#### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

**Geymsla** Á ekki við.

#### 7.3. Sérstök notkun

**Sérstök notkun** Vélarolía fyrir skipadísilvélar.

### 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

**Almenn atriði** Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum eignum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

## 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif Váhrifarmörk á vinnustað

Efni	8 klst. TWA	Skammtíma	Upplýsingar
Mikið hreinsuð grunnolía (C15-C50)	1 mg/m <sup>3</sup>	-	Danmörk

## 8.2. Váhrifavarnir

### Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

### Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo. Tileinkið ykkur góða umgengni.

### Til hlífðar augum

Venjulega ekki þörf. Notið viðurkennd öryggisglæraugu ef hætta er á slettum, úða eða gufu (EN166).

### Til hlífðar húð

Notkun hlífðarfátanaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfátanaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega.

### Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374.

### Til hlífðar öndun

Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítril; 0,35mm; 240 mín.

### Til verndar umhverfi

Ekki þörf við fullnægjandi loftræstingu. Notið öndunarhlífar við mikla þéttni. Gerið viðeigandi ráðstafanir til að hindra eða takmarka losun.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Brúnn
Lykt	Jarðolía
pH-gildi	Á ekki við
Suðumark	>315°C
Blossamark	220°C (lágmark)
Gufuprýstingur	<0,01 mmHg við 37,8°C
Eðlisþyngd	0,91 g/cm <sup>3</sup> við 15°C
Leysni	Óleysanlegt í vatni; leysanlegt í vetniskolefnum
Eðlisseigja	89-140 mm <sup>2</sup> /s við 40°C

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Getur hvarfast við sýrur og oxara, s.s. klóröt, nítröt, peroxíð o.s.frv.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við ráðlagða notkun og geymslu.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin skaðleg efnahvörf eða fjölliðun við venjulega notkun og geymslu.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Á ekki við.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Á ekki við.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Engin þekkt.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Augu	Ekki flokkað.
Inntaka	Ekki flokkað.
Húð	Ekki flokkað.
Innöndun	Ekki flokkað.
Húðnæming	Ekki flokkað.
Eiturhrif við inntöku	Ekki flokkað.
Eiturhrif við innöndun	Ekki flokkað.
Stökkbreytandi áhrif	Ekki flokkað.

Eiturhrif á æxlun	Ekki flokkað.
Krabbameinsvaldandi áhrif	Ekki flokkað.
Sértæk eiturhrif	Ekki flokkað.
Ásvelgingarhætta	Engin gögn.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Efnið er talið valda skaðlegum og langvinnum áhrifum á líf í vatni.

### 12.2. Þrávirkni og niðurbjótanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki talið auðveldlega lífbrjótanlegt.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

### 12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engin þekkt.

## 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði (EWC) 13 02 05 – Óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur úr jarðolíu.

Förgun umbúða Fargið eins og ónotuðu efninu sjálfu. Endurnýtið ekki umbúðir.

## 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum efnum.

## 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

### 15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

#### 15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

#### 15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

### 15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

### Hættusetningar

H317 – Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.

H413 – Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni.

### Skammstafanir

**ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum.

Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

**ADR:** Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum .

Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

**DNEL:** Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

**IMDG:** Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

**PBT:** Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

**PNEC:** Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

**REACH:** Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

**TWA:** Tímavegið meðaltal.

**vPvB:** Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

**Endurskoðun** 18. febrúar 2015.  
**Endurskoðun nr.** 0  
**Gert þann** 14. mars 2017.  
**Þýðing og uppsetning** Reynir Hjálmarsson  
**Heimild** Chevron Products UK Limited, [eumsds@chevron.com](mailto:eumsds@chevron.com)